

Fundargerð 69. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, haldinn 26. september 2012, kl. 12:00 á skrifstofu félagsins, að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mættir: Vilhjálmur H. Vilhjálmsson,
Árni Sigfússon,
Sigrún Árnadóttir,
Friðjón Einarsson,
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri
Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm.framkv.stjóra sem jafnframt ritaði fundargerð.

Áður en gengið var til formlegrar dagskrár bauð stjórnarformaður, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, nýja stjórnarmenn velkomna til starfa. Jafnframt þakkaði hann fráfarandi stjórnarmönnum, þeim Reyni Ólafssyni og Berglinni Kristinsdóttur, fyrir vel unnin störf í stjórn félagsins og óskaði þeim velfarnarðar í framtíðinni.

1. *Stjórn kynnt og skiptir með sér verkum*
Vilhjálmur H. Vilhjálmsson var kjörinn formaður stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar og Árni Sigfússon var kjörinn varaformaður stjórnar.
2. *Fundargerð síðasta fundar*
Borin upp, samþykkt og undirrituð af viðstöddum stjórnarmönnum.
3. *ESA -Verne*
Framkvæmdastjóri rakti upphaf málsins fyrir stjórn og fór yfir stöðu þess.
4. *Keilir -húsnæðismál*
Framkvæmdastjóri fór yfir sögu málsins og kynnti niðurstöðu samningsins við Keili. Stjórn lýsti ánægju sinni með samninginn. Árni Sigfússon sat hjá við afgreiðslu málsins.
5. *Tilboð í Lindarbraut 637*
Lagt var fyrir stjórn tilboð í Lindarbraut nr. 637. Stjórn fellst ekki á fyrirbyggjandi tilboð en felur framkvæmdastjóra að vinna að gagntilboði sem borið verður undir stjórn með tölvupósti.
6. *Algalíf-tilboð*
Framkvæmdastjóri kynnti áhuga Algalífs ehf. á starfsemi á Íslandi og á Ásbrú. Framkvæmdastjóri lagði fram drög að tilboði ÞK til Algalíf sem stjórn samþykkti og fól framkvæmdastjóra að leggja tilboðið fram við Algalíf.
7. *Önnur mál*
 - a. *Upplýsingafundur með nýjum stjórnarmönnum.*

Tveir stjórnarmenn voru á sínum fyrsta stjórnarfundi hjá ÞK. Áætlað er að finna tíma til að koma saman í næstu viku og kynna þeim starfsemi félagsins.

b. *Fundartími stjórnar*

Stjórn kom sér saman um að stjórnarfundir verði haldnir annan fimmtudag í hverjum mánuði kl. 12.00 að skrifstofu félagsins.

c. *Flughermir*

Undirbúningsfélag er varðar kaup á flughermi er á döfinni og er væntanlegur stofnfundur í næstu viku.

d. *Skoðunarferð varðandi uppbyggingu fyrrum hervalla*
Málið kynnt.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Stefnt er á að næsti stjórnarfundur verði 11. október 2012.

Villy H. Villyáttum
Eva S. S. S.
Sigrún Amadóttir
T. B.

← m
Sif